



• BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR  
• AÐALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK  
• SÍMI: 450 7000 • FAX: 450 7009  
• NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is  
• VEFFANG: www.bolungarvik.is

Sjávarútvegs - og landbúnaðarráðuneytið  
Arndís Á Steinþórsdóttir, Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Bolungarvík, 20. janúar 2012  
1110059 EJ

**Efni: Sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta**

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags 21. desember 2011 varðandi úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

Bæjarráð Bolungarvíkur samþykkti á fundi sínum þ. 17. jan. sl. eftirfarandi sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta í Bolungarvík, sem viðbætur við reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012:

*Ákvæði reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2011/2012 frá 21. des. 2011 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012 fyrir Bolungarvík með eftirfarandi breytingu.*

1. gr. a-liður hljóði þannig:

*„Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með s.br., við lok umsóknarfrests, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 3. mgr. 6. gr. sömu laga við lok umsóknarfrests.“*

  
Elias Kolatansson  
bæjarstjóri